

Umhverfisstofnun
Áb. KV
21. maí 2019
09.04.09
Tilv. US7201904-069

Samningur um umsjón og rekstur Friðlands Svarfdæla

1. gr.

Samningsaðilar og markmið

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880, og sveitarfélagið Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089 gera með sér samning um umsjón Friðlands Svarfdæla í samræmi við 85. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Samkvæmt samningi þessum skal umsjón og rekstur svæðisins vera í höndum sveitarfélagsins og í samræmi við auglýsingu um hið friðlýsta svæði.

2. gr.

Uppbygging innviða

Innviðir á hinu friðlýsta svæði eru eign og á ábyrgð ríkisins og er Umhverfisstofnun í forsvari fyrir hönd þess. Framkvæmdir umsjónaraðila eru alltaf háðar leyfi. Umhverfisstofnun aflar fjármagns til uppbyggingar innviða á hinu friðlýsta svæði. Verktakar og umsjónaraðilar skulu fylgja Umhverfis- og öryggishandbók Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Viðhald innviða

Umsjónaraðili skal sinna reglubundnu minni háttar viðhaldi innviða svæðisins. Til slíkra viðhaldsverkefna fellur m.a. lagfæring stíga sem aflaga hafa farið, viðhalda öryggisböndum og girðingum og lagfæra útsýnispalla. Slík viðhaldsverkefni eru ekki leyfis skyld hjá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun sinnir meiri háttar viðhaldi innviða eins og fjárheimildir leyfa. Sem dæmi um meiri háttar viðhald væri að endurnýja stíga, palla, öryggisgirðingar og salernishús í heild sinni. Umhverfisstofnun sér um fjármögnun og uppsetningu nýrra mannvirkja innan hins friðlýsta svæði sem tengjast rekstri þess.

4. gr.

Rekstur svæðis og landvarsla

Umhverfisstofnun sinnir, eftir því sem fjármagn fæst til, landvörslu á svæðinu í 2 mánuði yfir sumartímann en umsjónaraðili sinnir daglegri umsjón og rekstri svæðisins utan þess tíma í samræmi við samþykktu stjórnunar- og verndaráætlun.

Verkefni landvarða og daglega umsjón skal vera samkvæmt verkefnalista sem landvörður Umhverfisstofnunar vinnur fyrst sumarið 2019 og er endurskoðaður árlega og í samræmi við ákvæði verndaráætlunar og handbók landvarða útgefna af Umhverfisstofnun. Málefnum sem upp kunna að koma upp og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsárkvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og umsjónaraðili geta haft samstarf um að vinna öryggismat fyrir viðkomandi svæði.

GRB
KV
KV

5. gr.

Menntun og viðvera landvarða

Landverðir skulu hafa lokið námskeiði Umhverfisstofnunar í landvörslu eða aðra þá menntun sem stofnunin metur til jafns við námskeiðið. Aðilar eru sammála um að landvarsla skuli vera eftirfarandi:

- Á tímabilinu 15. júní – 15. ágúst. Einn landvörður að störfum með viðveru 6 sinnum í viku á vegum Umhverfisstofnunar.
- Á tímabilinu 16. ágúst – 14. júní. Starfsmenn eigna- og framkvæmdadeildar Dalvíkurbyggðar með viðveru þrisvar sinnum í viku.

6. gr.

Gjaldtaka

Umsjónaraðila er heimilt að taka gjald af aðgengi að salerni í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar hverju sinni

Gjald af aðgengi að salerninu má einvörðungu nota til reksturs og viðhalds salernisins. Sveitarfélagið skal árlega, eða eigi síðar en 1. mars ár hvert láta Umhverfisstofnun í té bókhald næstliðins árs yfir tekjur og gjaldaliði vegna umrædds salernis.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja nánari skilyrði um rekstur og viðhald innviða á friðlýstum svæðum.

7. gr.

Ársskýrsla

Umsjónaraðili skal árlega fyrir 15. desember ár hvert senda Umhverfisstofnun skýrslu um ástand skv. sérstöku ástandsmati, framkvæmdir og aðra starfsemi innan svæðisins á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum sem Umhverfisstofnun lætur í té. Í skýrslunni skal m.a. fjalla um ástand svæðisins, áætlaðan gestafjölda, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim svo og annað sem kann að skipta máli varðandi friðlandið.

8. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun og umsjónaraðili hafa samstarf um gerð fræðsluefnis um svæðið svo sem bæklinga og skilta. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar vegna útgáfu fræðsluefnis skal samið hverju sinni.

9. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli skuldbindingar í samræmi við samning þennan og þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 3. mgr. 85. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og verndaráætlun.

10. gr.

Gildistaka

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfissráðherra. Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfissráðherra einu.

108.
KJK
GPK

11. grein

Ákvæði um endurskoðun

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum, hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að þremur árum liðnum frá undirritun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er sex mánuðir.

12. gr.

Meðferð ágreiningsmála

Umhverfiráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

Staður og dagsetning

Dalvík 16. apríl 2019

F.h. Umhverfisstofnunar

Práskur L. Andriðttir

F.h. sveitarfélags

Ólafur Sigurðsson
Dalvíkurbyggð
Sveitarstjóri

Staðfesting umhverfiráðherra:

Andriður Ingi Guðbrandsson

Vottar:

Börkur Þór Ottósson

Ólafur Þórsson